



 Samtök Hafnarfirði  
 29 JUN 2018  
 Byggingsarstofan Hafnarfirði  
 E.h. Sigurður Ólafsson  


#### Byggingarlýsing:

Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu (sólstofu) norðan við húsið Álfaskeið 59. Sólstofan verður einnar hæðar bygging með einhliða þakhalla. Sökklar sólstofunnar og gólfsplata verða steinsteypt.

#### Pák

Þak sólstofunnar verður byggt úr sýnilegum límtrésperrum sem klætt verður ofan á með panelklæðningu. Ofan við panelklæðninguna kemur þéttímdur rakavarnardúkur. Ofan við rakavarnardúkinn verður lögð raflögn. Þétt verður sérstaklega þar sem raflögn (dósir) rjúfa rakavarnardúkinn. Ofan við rakavarnardúkinn koma timbursperrur 50x150 þvert á sýnilegu límtrésperrurnar. Timbursperrurnar verða festar tryggilega ofan í límtrésperrurnar. Einangrað verður niður á milli timbursperranna með 125 mm steinullareinangrun. Ofan við einangrunina verður gerð 25 mm loftrauf afmörkuð með 4 mm bykkum masonítplötum. Sett verður eitt ø32 mm loftrör með ryðfríu flugnaneti í báða enda á hverju sperrubili. Þakið verður klætt með borðaklæðningu ofan á timbursperrurnar. Ofan á borðaklæðningu verður klætt með þakpappa og bárujárn yst.

#### Útveggir

Burðargrind útveggja er gerð úr límtréstoðum. Þeir hlutar veggjanna sem ekki eru með gleri eru klæddir með 22 mm bykkum rakapolnum krossvið sem er skrúfaður í lím utan á límtréstoðinum. Utan á krossviðinn kemur síðan vindpappi (útloftunarpappi) og 1,2 mm þykk slétt áklæðning.

Gluggar í útveggi verða glerjaðir beint utan á límtréstoðir með þar til gerðum gúmmí þettingum. Ytra byrdi glers verður í sama fleti og ytra byrdi áklæðningar og koma þar til gerðir skrúfaðir állistar yfir samskeytin sem falla þétt að glerinu og áklæðningunni.

Innan við þá hluta útveggja sem eru krossviðarklæddir kemur 150 mm steinullareinangrun. Yfir einangrunina verður settur þéttímdur rakavarnadúkur. Innan við rakavarnardúkinn kemur panelklæðning sem feld verður inn á milli límtréstoðanna.

Arinn frá viðurkenndum framleiðenda verður settur upp í sólstofunni. Gengið verður frá undir honum og kringum hann og reykrör í fullu samræmi við byggingarreglugerð.


Lagðar verða gólfhitatalagnir í gólfþilogn sólstofunnar og síðan verður gólf sólstofunnar flísalagt.

Húsið Álfaskeið 59 var upphaflega teiknað af Friðþjófi Sigurðssyni árið 1956.

#### Stærðir:

	Flatarmál	Rúmmál
Stærð viðbyggingar	42,1 m <sup>2</sup>	141,3 m <sup>3</sup>
Heildarstærð húss	183,6 m <sup>2</sup>	712,6 m <sup>3</sup>

Nýtingarhlutfall lóðar 0,28



www.verkis.is - sími: +354 422 8000

SAMBYKKT:			
			KR. 660248 3/13
2 2011-06-20	Hönnun breytt	ÁFV	RK SE RK
1 2011-05-03	Bygginganefnd	ÁFV	RK SE RK

ÚTG DAGS

SKÝRINGAR

TEIK HANN RÝNT SAMB

ÁLFASKEIÐ 59, HAFNARFIRÐI  
VIÐBYGGING  
Aðalteikningar  
Afstöðumynd og byggingarlýsing

VERKFANG 11103 TEIKNING C40.002 2

© Óll ófot og ófritun teikningar, að hiða sáð í heild er högð skriftegund leyfl höfunda